

Markmið Icelandic-collection.com

Markmið Icelandic-collection.com er að safna saman íslenskum hönnuðum og búa til kraftmikla sölusíðu fyrir erlendan markað. Þetta er mjög metnaðarfullt og mikilvægt verkefni sem við teljum vera kominn tími á.

Íslenskir hönnuðir þurfa öruggan stökkpall þar sem þeir fá tækifæri til þess að sýna sig og sanna á erlendum vettvangi.

Icelandic-collection.com er ekki hugsuð sem gróðarmaskína fyrir eigendur síðunnar, heldur er okkar meginmarkmið að kynna íslenska hönnun fyrir heiminum og gera Ísland best í heimi enn og aftur.

Undirbúningurinn hefur gengið vel og leitinn er hafinn. Margir hafa nú þegar sýnt hugmyndinni áhuga og er ætlun okkar að safna öllum áhugasömum hönnuðum saman á einn stað og opna heilsteypta sölusíðu sem selur eingöngu íslenska hönnun af ýmsu tagi.

Hvað þurfum við frá þér?

- Lýsingu á vörunni
 - o litir
 - o stærðir í boði
 - o upplýsingar um birgðarstöðu
 - o ummál vöru, þyngd og efni.
- Myndir af vörum sem þú vilt selja á síðunni
 - o myndirnar eiga að vera frá þremur sjónarhornum helst á hvítum bakgrunni, til þess að gefa sem skýrasta mynd af því sem þú hefur upp á að bjóða
 - o myndirnar eiga að vera í hárrí upplausn í JPG eða GIF skjali
 - o logo ef það er fyrir hendi.

Allar upplýsingar berist til sales@icelandic-collection.com

- Smá texta sem útskýrir í stuttu máli hvaðan þú sækir innblásturinn fyrir hönnuninni þinni. Við viljum draga fram það sem gerir hvern hönnuð sérstakan með því að benda á hvaðan hann fær innblásturinn sinn.

Verðlagning:

- Mikilvægt er að muna að vara sem seld er erlendis er án virðisaukaskatts. Viðkomandi land sér um að innheimta virðisauka og tollagjöld.
- Hafa þarf í huga við verðlagningu að 3.2% færslugjald frá PayPal bætist ofan á hverja selda vöru.

Hvernig sendir þú vörur?

Um leið og vara er keypt af Icelandic-collection.com sendum við þér upplýsingar um vöruna, ákvörðunarstað og kvittun fyrir sölnunni. Það sem þú þarft að gera er að koma vörunni á næsta pósthús þar sem þú sendir hana frá þér. Allur póstkostnaður fer á okkar reikning.

Hvernig færð þú greitt fyrir vöruna?

Mikilvægt er að þú stofnir þér PayPal reikning á: https://www.paypal.com/dk/cgi-bin/webscr?cmd=_registration-run. PayPal er stærsta greiðsluþjónustukerfi sem völ er á netinu og leggja þeir mikla áherslu á öryggi og einfaldleika.

Um leið og þú hefur sent þína vöru fáum við staðfestingu frá Póstinum að varan sé send. Upphæðin er lögð inná PayPal reikninginn þinn ásamt kvittun frá Icelandic-collection.

Hversu háa prósentu er um að ræða?

- 15% af heildarverðmæti vöru og mun sú upphæð ganga aftur í frekari kynningu og markaðssetningu á ykkar vörum.

Ykkar hagur:

- Þið getið einbeitt ykkur af því sem er mikilvægast, hanna og þróa vörur.
- Markaðssetning og kynning á erlendum vettvangi.
- Laus við að starfrækja eigin heimasíðu
- Auðga og styrkja íslenska menningu og listir.

Hverjir standa á bakvið www.icelandic-collection.com?

Við erum sex manna hópur sem höfum saman þróað þessa hugmynd í nokkurn tíma. Hugmyndin kviknaði hjá Einari Thor þegar hann velti fyrir sér hvað þyrfti til að íslenskir hönnuðir ættu auðveldara með að koma sér á framfæri á erlendum vettvangi. Einar Thor er hönnuður og starfrækir sitt eigið fyrirtæki, Thors Hammer wristbands.

Davíð Hlíðkvist á heiðurinn af því að setja saman hóp útskriftarnema úr Copenhagen Technical Academy í Kaupmannahöfn. Í hópnum eru auk Davíðs, Dean Kornmann frá Ástralíu, Anna Signý Guðbjörnsdóttir og Hjörleifur Jónsson en þau vinna að síðunni sem lokaverkefni skólans. Að lokum bættist við Supriya Sunneva Kolandavelu sem sér um almannatengsl.

Hópurinn hefur lagt hart að sér og er það meginmarkmið okkar að styðja við bakið á íslenskum hönnuðum og gefa þeim tækifæri til að sanna sig í hinum stóra heimi. Við vonum að sem flestir sjái sér fært að taka þátt í þessu verðuga verkefni og hlökkum til að heyra í ykkur.

Kveðja www.icelandic-collection.com

Davíð Hlíðkvist Ingason	- Vefsíðuhönnun og sala
Dean Kornmann	- Hönnun hugbúnaðar og yfir umsjón með vefbúð
Anna Signý Guðbjörnsdóttir	- Margmiðlunarhönnun
Hjörleifur Jónsson	- Grafísk hönnun
Supriya Sunneva Kolandavelu	- Almannatengsl og sala
Einar Thor	- Markaðssetning og sala